


15. ágúst 2014

## Spáum 0,1% hækkun verðlags í ágúst

Greiningardeild Arion banka spáir 0,1% hækkun á vísitölu neysluverðs (VNV) í ágúst en Hagstofa Íslands birtir mælingu á vísitölunni miðvikudaginn 27. ágúst nk. Gangi spáin eftir mun ársverðbólgan lækka úr 2,4% í 2,1% en lækkan árstaktsins má rekja til þess að í ágúst mánuði í fyrra hækkaði VNV um 0,34%. Samkvæmt spánni yrði ársverðbólgan áfram undir verðbólguviðmiði Seðlabankans sjöunda mánuðinn í röð. Í spánni vegur þyngst að útsöluáhrif ganga til baka að hluta til og hafa föt og skór því 0,22% áhrif til hækkunar á VNV. Einnig er áætlað að húsnæðisverð hækki lítillega í mánuðinum og hafi um 0,12% áhrif til hækkunar á vísitöluna. Á móti vegur að bensín og flugfargjöld lækka umtalsvert í mánuðinum og hafa saman um 0,21% áhrif til lækkunar á VNV. Lítil breyting er á öðrum undirlíðum vísitölnnar.

Uppfærð bráðabirgðaspá okkar fyrir næstu mánuði gerir ráð fyrir 0,5% hækkun í september, 0,4% hækkun í október og 0,2% hækkun í nóvember. Gangi bráðabirgðaspá okkar eftir mun ársverðbólga mælast 2,5% í nóvember nk.

Helstu áhrifaþættir í ágústmánuði




Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar f. 2014

### Helstu atriði í ágúst spánni:

- Útsöluáhrifin ganga til baka.** Í júlí mánuði gengu hinar árlegu sumarútsölur í garð og lækkuðu föt og skór um 11,54% sem hafði um 0,55% áhrif til lækkunar á VNV. Við gerum ráð fyrir að útsöluáhrifin gangi til baka að einhverju leyti í ágúst en að mesta hækkunin verði í september. Áætlað er að föt og skór hafi 0,22% áhrif til hækkunar á VNV í ágúst. **Áhrif í ágúst: +0,22%**
- Húsnæðisverð hækkar lítillega.** Eftir miklar hækkanir á húsnæðisverði á vormánuðum hefur verðið nánast staðið í stað yfir sumarmánuðina ef lítið er til mælinga Hagstofu Íslands á húsnæðisverði um land allt. Miklar sveiflur hafa verið á fasteignaverði utan höfuðborgarsvæðisins en verð á fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað nokkuð taktfast síðastliðið ár. Við gerum ráð fyrir húsnæðisverð innan höfuðborgarsvæðisins haldi áfram að hækka og hafi 0,12% áhrif til hækkunar á VNV, þótt sveiflur á fasteignaverði utan höfuðborgarsvæðisins geri erfitt að spá fyrir um breytingu milli mánaða. **Áhrif í ágúst: +0,12%**.
- Eldsneytisverð og flugfargjöld lækka.** Samkvæmt mælingum Greiningardeildar lækkar 95 okтана bensín um 2,2% milli mánaða og sömuleiðis lækkar díselolía um 0,8%. Við gerum því ráð fyrir að

eldsneytisverð hafi 0,08% áhrif til lækkunar á VNV í mánuðinum. Ef litið er til heimsmarkaðsverðs á olíu hefur það einnig lækkað um 4% milli mánaða á sama tíma og gengi krónunnar hefur staðið í stað. Sú þróun eykur líkurnar á því að flugfargjöld muni lækka í mánuðinum en verð á flugfargjöldum helst að einhverju leyti í hendur við olíuverð á alþjóðamörkuðum líkt og sjá má á myndinni að neðan. Einnig hafa flugfargjöld haft tilhneigingu til að lækka í ágúst mánuði í gegnum tíðina þar sem sölu á sumarferðum fer að ljúka. Við gerum því ráð fyrir að flugfargjöld hafi 0,13% áhrif til lækkunar á VNV í mánuðinum. **Áhrif í ágúst: -0,21%.**



Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar f. 2014

- **Lítill breyting á öðrum liðum.** Gert er ráð fyrir litlum breytingum á öðrum undirliðum VNV. Nokkrir liðir hafa lítillæg áhrif til hækkunar s.s. matur og drykkir, hótél og veitingastaðir og aðrar vörur og þjónusta. Samtals hafa liðirnir um 0,03% áhrif til hækkunar á VNV. Á móti vegur að tómstundir og menning hafa um 0,02% áhrif til lækkunar og einnig hafa húsgögn og heimilisbúnaður um 0,05% áhrif til lækkunar. Samtals eru áhrifin því um 0,04% til lækkunar á VNV. **Áhrif í ágúst: -0,04%.**

## Bráðabirgðaspá – meiri verðlagshækkunir framundan en það sem af er ári


Bráðabirgðaspá okkar gerir ráð fyrir að verðlagshækkunir verði nokkuð meiri framundan en það sem af er ári, að frátöldum útsölum og útsölulokum. Við áætluðum að verðlag hækki um 0,5% í september og 0,4% í október og gangi spáin eftir verður ársverðbólgan komin í 2,7% í október. Snörp hækkun á ársverðbólgunni stafar af því að litlar verðlagshækkunir voru á haustmánuðum í fyrra, sérstaklega í október mánuði en þá stóð verðlag nánast í stað. Hækkun ársverðbólgunnar umfram verðbólguþéttum Seðlabankans yrði þó einungis tímabundið ástand því í nóvember áætluðum við að verðbólgan leiti aftur niður á við í 2,5%. Þegar til lengri tíma er litið munu þættir eins og launabreyting og framleiðsluspenna í hagkerfinu hafa töluverð áhrif á verðbólguþróun. Um þessar mundir er framleiðslulakinn að breytast í framleiðsluspennu sem þýðir að framleiðsluþættir hagkerfisins verða ofnýttir í stað þess að vera vannýttir. Eykur það líkur á því að verðbólgan leiti upp á við í byrjun næsta árs en kjaraviðræðurnar í haust og niðurstaða þeirra mun einnig ráða miklu um hver þróunin verður á nýju ári. Til skemmri tíma litið verður áhugavert að fylgjast með hvort ársverðbólgan leitar upp fyrir verðbólguþéttum Seðlabankans eða hvort við siglum áfram á lygnum sjó hvað verðlagsþróun varðar.

Í bráðabirgðaspá Greiningardeildar til næstu þriggja mánaða er gert ráð fyrir óbreyttu eldsneytisverði og óbreyttu gengi krónunnar. Gert er ráð fyrir að sumarútsölur haldi áfram að ganga til baka í september og að ársverðbólgan hækki í 2,3%. Í október áætluðum við að verðbólgan hækki í 2,7% en lækki svo aftur í 2,5% í nóvember.

### Helstu atriði í bráðabirgðaspánni:

- **September +0,5%.** Gert er ráð fyrir að föt og skór hækki enn frekar og hafi tæplega 0,4% áhrif til hækkunar á VNV. Einnig hækka aðrir minni liðir og verða áhrif á VNV í mánuðinum 0,5% til hækkunar.
- **Október +0,4%.** Við áætluðum að margir undirliðir VNV hækki lítilllega í mánuðinum. Helstu liðir sem hækka eru húsnæðisliðurinn en einnig koma til liðir s.s. ferðaliðurinn og tómstundir og menning.
- **Nóvember +0,2%.** Við áætluðum að frekar litlar breytingar verði á verðlagi í mánuðinum en að fasteignaverð haldi áfram að hækka í svipuðum takti og það sem af er ári.

## Bráðabirgðaspá Greiningardeildar



Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar

### Greiningardeild Arion banka

Anna Hrefna Ingimundardóttir  
anna.ingimundardottir@arionbanki.is

Elvar Ingi Möller  
elvar.moller@arionbanki.is

Erna Björg Sverrisdóttir  
erna.sverrisdottir@arionbanki.is

Hrafn Steinarsson  
hrafn.steinarsson@arionbanki.is

Hafsteinn Hauksson  
hafsteinn.hauksson@arionbanki.is

Stefán Broddi Guðjónsson  
stefan.gudjonsson@arionbanki.is

### Forstöðumaður

Regína Bjarnadóttir  
regina.bjarnadottir@arionbanki.is  
444-6969

[Hér má finna fyrirvara](#)